

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2010


Ákærendafélagi Íslands hefur borist til umsagnar með bréfi allsherjarnefndar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, með síðari breytingum 139. löggjafarþing 2010–2011, 10 mál.

Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu varða einkum með hvaða hætti dómur skuli birtir að því er varðar afstöðu og röksemdir einstakra dómara. Ákærendafélagið telur rétt að lögbinda með hvaða hætti dómur eru birtir og í því efni komi vel til greina að haga því fyrirkomulagi með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

Ákærendafélagið lýsir furðu sinni á að ekki skuli vera lagt til í frumvarpinu að gerðar verði sömu breytingar á 2. mgr. 209. gr. laga nr. 88/2008. um meðferð sakamála sem er sambærilegt 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991. Frumvarpið ber með sér að flutningsmenn þess telji minni ástæðu til að gefa gaum að framsetningu dóma í sakamálum en einkamálum. Ákærendafélagið telur þetta aðfinnsluvert enda varða sakamál mikilvægustu hagsmuni hvers manns sem eru frelsi hans og mannröð, og enn frekar mikilvægt að tryggja gagnsæi í meðferð þeirra mála.

Ákærendafélagið telur að rétt sé að athuga hvort ekki sé eðlilegt að samræma reglur um birtingu dóma Hæstaréttar og birtingu dóma fjölskipaðra héraðsdóma.

F.h. Ákærendafélags Íslands,



Helgi Magnús Gunnarsson formaður